Ingvar Sigurgeirsson og Lilja M. Jónsdóttir

„Við erum með sérfræðinga í húsi og treystum þeim“

Lagt út af rannsókn á starfsálagi í grunnskólum

Ráðstefna Samtaka áhugafólks um skólaþróun í Hörðuvallaskóla
14. ágúst 2026

SKÓLASTOFAN.is

Umfangsmikil gagnaöflun

- Fundir með rýnihópum í 25 grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu
  - 163 þátttakendur
- Spurningakönnun
  - Lögð fyrir rúmlega 6 þús í janúar 2026
  - Heimtur: Um 2 þús (34%)
- Önnur gagnaöflun: Fundir, samtöl, tölvusamskipti
- Fyrirvarar

Aðalspurningar

- Hvert er mat ykkar á núverandi álagi?
- Hverjir eru helstu álagsþættir?
- Hvaða breytingar hafa orðið á þessu á undanförnum árum og hvað skýrir þær?
- Hvað hefur verið gert til að draga úr álagi og hvernig hefur það gefist?
- Hvað gæti helst orðið til úrbóta til að draga úr álagi?

Meginniðurstöður

Mikið og vaxandi álag – en mikill munur eftir skólum (og störfum)

– mesta álagið er á umsjónarkennurum



Þrúgandi álag



- Fjölmennir nemendahópar
- Of margir (og oft gagnslausir fundir)
- Breyttir uppeldishættir
- Krefjandi samskipti við foreldra
- Námsmatið
- Mentor
- Skriffinnska
- Mannekla
- Utanaðkomandi kröfur
- Húsnæðismál – myglan
- Neikvæð umræða í samfélaginu
- Ofbeldishegðun
- Kennsla barna með annað móðurmál en íslensku

Erfið hegðun var oftast nefnd

Hegðun nemenda, hvað mörg börn eru orðin rosalega ofbeldishneigð og kunna illa að tjá sig og eiga oft samskipti með því að lemja og sparka … hvort sem að það eru nemendur eða við kennararnir …
Maður er oftar að lenda í ofbeldi í skólanum þar sem þú ert bara kýldur eða það er sparkað í sköflunginn á þér …
Og litlar sem engar afleiðingar af því.

Endalaus bið ...

... Barnið er endalaust að hjakkast í kerfinu ... barn sem augljóslega þarf aðstoð og foreldrar jafnvel að bíða eftir að fá einhver lyf. Svo tekur annað ár að bíða eftir geðlækni.
Þetta tekur svo langan tíma og á meðan hjakkast þau hér. Við reynum að gera allt sem við getum, en þau þurfa aðstoð og úrræði ... Þetta eru þessi þungu mál ... kannski eru ekki til úrræði, en ef þau eru til er biðlistinn svo langur ... Barn sem þarf greiningu í þriðja bekk fær ekki aðstoð fyrr en í fimmta eða sjötta bekk – og vandinn fer ekki.

Krefjandi samskipti við (suma) foreldra

... foreldrar hafa auðveldan aðgang að okkur, hringt í mig í gemsann minn ... tölvupóstur endalaus ...

... áreiti út af einkunnum og umsögnum um námsárangur ... höfum fengið foreldra inn með lögfræðingi til að fara yfir einkunnir vetrarins ...

... fáum ekki frið til að vera með regnbogafánann fyrir utan hús af því það eru tveir, þrír foreldrar að gera athugasemdir ...

Samskipti geta verið snúin

Foreldrasamstarfið sem tekur mikinn tíma. Til dæmis á foreldradegi, hér eru hátt í 200 túlkaviðtöl ... bara eitthvað einfalt sem kemur upp á getur tekið langan tíma að leysa. Ef nemandi meiðir sig í íþróttum, fær kannski lítinn áverka ... verður það stórmál. Þetta er einfalt og ekkert hræðilegt en þú vilt samt að foreldrar viti ... Og það þarf að finna túlk. Þetta eykur álagið.

Þetta félagslega skiptir svo miklu máli ... þessi menningarmunur ... þessi má ekki tala við þennan og þessi ekki við hinn ... Skilaboð frá foreldri um að einhver megi ekki tala við einhvern ... mega ekki tala saman ...

Og enn um umsjónarkennarann

Umsjónarkennarinn er allt í einu orðinn miðpunktur alls í lífi barns, bara alls ... ... við erum að ráðleggja foreldrum með svefnrútínur af því þeim gengur illa að láta börnin fara að sofa ... hvernig á að bjóða í afmæli ... allt farið að rúlla í gegnum umsjónarkennarann. Við erum að halda öllum boltum á lofti sem er ekki okkar verkefni ...

Neikvæð umræða getur verið þrúgandi

Það sem mér finnst hvað mest íþyngjandi er umræðan í þjóðfélaginu ... hvað við erum oft niðurlægð ... mér finnst það mjög sárt ... erfitt að vinna undir því ... ég er að tala um fjölmiðla, Moggann, Í bítið, Morgunútvarpið ... mjög íþyngjandi ...

Léleg staða menntakerfisins skaðar framleiðni

Samfélagslegt stórhrun að óbreyttu

Menntamál í ólestri

Íslensk börn verr sett en evrópsk

Börn á Íslandi tveimur árum á eftir

„Ástandið í íslenskum skólum er grafalvarlegt“

Versnar með hverju ári að óbreyttu

Afturför í menntamálum: Börnum mismunað

Of háar einkunnir og of lítið skipulag

(Fyrirsagnir teknar af mbl.is)

Stærstu álagsþættirnir
(samtölin)

- **Erfið hegðun, þung mál**
  - **Ofbeldishegðunin**
  - **Bið og úrræðaleysi**
- **Umsjónarkennarastarfið – aukið uppeldishlutverk**
- **Krefjandi samskipti við (suma) foreldra**
- **Neikvæð umræða – vanvirðing**
- Mikil mannekla
- Kennsla barna með annað móðurmál en íslensku
- Of margir fundir, skriffinnska, snúið námsmat, flókin námskrá, umfangsmikil námsefnisgerð, húsnæðismálin (myglan)

Hversu miklu eða litlu álagi valda eftirfarandi þættir þér í þínu starfi? (miklu og mjög miklu) (spurningakönnunin)



Breytingar á álagi



Dæmi um það sem hefur verið gert til að létta á álagi

- Aukinn stuðningur
  - Jafningjastuðningur kennara, sérkennsla inni í teyminu, fleiri kennarar í námshópum
  - Þroskaþjálfar, skólafélagsráðgjafar, atferlisfræðingar
- **Jákvæðir stjórnunarhættir**
  - Virk þátttaka stjórnenda í að leysa mál með kennurum
- Fleiri úrræði
  - Námsver, íslenskuver, tungumálaver og hegðunar- eða atferlismótunarver
- **Teymiskennsla**

Styðjandi stjórnunarhættir

- Gott aðgengi
- Sveigjanleiki og traust – minni binding
- Virk þátttaka í að leysa mál – þeir taka málin að sér
- Skýr verkaskipting stjórnenda

Þeir eru nánast alltaf til reiðu og eru styðjandi …hægt að ræða málin … spegla hugmyndir og áhyggjur … alltaf til í að sitja og hlusta

ákveðið frelsi og það dregur úr álagi

Stjórnendur taka álagið af slæmri hegðun nemenda af kennurum og við getum haldið áfram með bekkinn – taka málið að sér alveg frá A-Ö, kalla foreldrana á fund og málið leyst

Styðjandi stjórnunarhættir – frh...

- Stjórnendur leita eftir hugmyndum til að létta á álagi
- Þessir litlu hlutir



Innleiðing teymiskennslu

Teymiskennslan er gríðarlega jákvæð … ef það virkar vel … léttir undir til að dreifa álaginu … ég biði ekki í það ef ég væri ein.

Við erum með teymiskennslu … og teymin eru auðvitað gríðarlega styðjandi … og draga auðvitað úr álagi – ekki spurning.

… getur verið algert kraftaverk, en hún getur líka bara verið erfið ef teymið vinnur ekki vel saman …

Stoðþjónusta Brekkubæjarskóla

Stoðþjónusta Brekkubæjarskóla byggir á þverfaglegu samstarfi í árgangateymum skólans. Teymin eru skipuð umsjónarkennurum, fagaðilum úr stoðþjónustu (þroskaþjálfa, iðjuþjálfa, tómstundafræðingi, sérkennara eða einstaklingum með aðra sambærilega menntun) og stuðningsfulltrúum. Árgangateymunum er falið að mæta þörfum nemendahópsins þar sem sjónum er beint að þjónustuþörf nemendanna en ekki greiningum, þ.e. formleg greining er ekki forsenda þjónustu. Árganga-teymunum er ætlað að skapa menningu sem virðir og fagnar margbreytileikanum.

(Sjá https://www.brekkubaejarskoli.is/is/nam-og-kennsla/studningur-vid-nemendur)

Hugmyndir þátttakenda um úrbætur

- Fá fleiri sérfræðinga (inn á gólf)
- Fleiri úrræði – aukinn stuðningur
- Námsefnisgerð
  - Sérstaklega fyrir ÍSAT kennslu
- Fræðsla fyrir foreldra
  - Sérstakar óskir um námskeið fyrir erlenda foreldra
- Minni námshópar

Tillögurnar

Í skýrslunni er fjöldi tillagna sem má skoða og meta (er efni í aðgerðaáætlanir)

- Forgangsröðun stuðnings
- Fjölgun úrræða
  - Skýrari ferlar
  - Fleiri fardeildir
- Aukin handleiðsla og jafningjastuðningur
- Breytingar á fyrirkomulagi stoðþjónustu í teymiskennsluskólunum
- Aukin foreldrafræðsla
- Þrýstingur á ríkið (dæmi: námsefnisgerðin)

Góðar hugmyndir sem komu lítið sem ekkert til umræðu

- Mötuneytismálin
- Seinkun á byrjun skóladags
- Aukin hreyfing
- Breytingar á áherslum í kennslu (t.d. á unglingastigi)

Að lokum

Álag er mikið. Það er ekkert launungamál … en það er samt gaman í vinnunni …
Við mætum breiðum hópi nemenda … börn af erlendum uppruna og börn með alls kyns raskanir … og við erum að mæta þeim og það er bara heilmikil ábyrgð svo það sé gert vel …
Álagið er ekkert síður fólgið í því hvernig við mætum þessum börnum – og hvernig við látum þeim líða vel – og hvernig við getum byggt upp stjálfstraust þeirra og sterka sjálfsmynd …
… mikið álag – en skemmtilegt …

Við erum með sérfræðinga í húsi og treystum þeim!

Takk fyrir!